

Fundur í Samvinnunefnd um málefni norðurslóða (SUMN)

haldinn í Borgum á Akureyri, miðvikudaginn 16. maí 2012, kl. 10:40 til 13:45

Á fundinn mættu neðangreindir fulltrúar í Samvinnunefndinni:

- Þorsteinn Gunnarsson frá [Rannsóknamiðstöð Íslands/RANNÍS](#), formaður nefndarinnar
- Anna Guðrún Þórhallsdóttir frá [Landbúnaðarháskóla Íslands](#)
- Eiríkur Stephensen frá RANNÍS
- Kristinn J. Albertsson frá [Náttúrufræðistofnun](#)
- Steingrímur Jónsson frá [Háskólanum á Akureyri](#)
- Þórunna Pálsdóttir frá [Veðurstofu Íslands](#)
- Níels Einarsson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
og
- Atli Már Sigurðsson frá [Utanríkisráðuneytinu](#)
- Halldór Jóhannsson frá [Arctic Portal](#)
- Jón Haukur Ingimundarson frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#)
- Lára Ólafsdóttir frá [Stofnun Vilhjálms Stefánssonar](#) (fundarritari)

Forföll boðuðu Þóra Ellen Þórhallsdóttir frá [Háskóla Íslands](#), Helgi Jensson frá [Umhverfisstofnun](#) og Héðinn Valdimarsson frá [Hafrannsóknastofnun](#).

Til fundarins var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Efst á baugi hjá stofnunum
2. Norðurslóðadagur á Grænlandi
3. Fyrirhugað málþing með ESB um norðurslóðir (TAIEX)
4. Viðræður við Umhverfisráðuneyti um verksvið og hlutverk Samvinnunefndar
5. Önnur mál

Þorsteinn setti fundinn kl. 10:45.

1. Efst á baugi hjá stofnunum

Níels Einarsson (Stofnun Vilhjálms Stefánssonar/SVS): Jón Haukur Ingimundarson og Joan Nymand Larsen frá SVS fóru á Arctic Science Summit Week 2012 ([ASSW](#)) í Montreal í apríl sl. Joan Nymand Larsen kynnti AHDR-II, sem er á fullri siglingu. Hann telur þetta eitt af lykilverkefnum innan Norðurskautsráðsins í tengslum við sjálfbæra þróun. – SVS tengist líka starfi vísindanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, Joan Nymand Larsen tekur þátt fyrir SVS. – Fjögurra ára Evrópuverkefni um sjávarbyggðir og strandmenningu í Evrópu er á lokastigi og lýkur með dagskrá í Galísíu á Spáni í júlí 2012. Búið er að sækja um til NORA fyrir framhald þessa verkefnis, þ.e. hinum vestnorrænu og norsku þáttum þess. – Fenginn er grænlenstur fyrirlesari til að halda [minningarfyrirlestur Vilhjálms Stefánssonar](#) í Nuuk í haust. Hann heitir Finn Lyngre, rithöfundur, fjölmenntaður, heimspekingur, guðfræðingur, fyrrum diplómatur. – Níels tilkynnti að hann fer í 10 mánaða rannsóknarleyfi til Tromsø í haust.

Jón Haukur Ingimundarson (Stofnun Vilhjálms Stefánssonar/SVS): Sagði frá ferðinni á ASSW í Montreal. Hann var ánægður með ráðstefnuna, sem var mjög fjölbreytt og hemill hafður á fjölda erinda þannig að margir komu til að hlusta á erindin sem flutt voru. Jón var með erindi um landbúnað á Íslandi. Steingrímur tók undir þetta. Halldór tók einnig undir, en taldi þó að það hefði vantað þá sem sjá eiga um að koma hlutunum í verk.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir (Landbúnaðarháskóla Íslands): Ræddi aðeins skýrslu Ríkisendurskoðunar um 300 milljóna skuldahala Lbhí, sem er í grunnin frá fyrri stofnun, Bændaskólanum á Hvanneyri. Fjármagn hefur ekki fylgt stækkuðum skóla. Umræða hefur verið um að sameina Lbhí og Háskóla Íslands, en það er talið fela í sér kostnaðarauka. Aukin áhersla er á samvinnu/samruna kúrsa við aðra skóla til hagræðingar.

Kristinn J. Albertsson (Náttúrufræðistofnun): Stofnunin syðra er gagntekin af IPA verkefninu (sjá síðustu fundargerð), en það er rannsóknarverkefni til þriggja ára, styrkt af Evrópusambandinu sem er núna að fara af

stað. Evrópusambandið setur stífar tímatakmarkanir, ný vinnubrögð verða viðhöfð. Verkefnið felur í sér kortlagningu landsins (náttúru lýsing) skv. kröfu Evrópusambandsins og þarf að vinna hvort sem Ísland gengur í Evrópusambandið eður ei. Ekki víst hvort Evrópsambandsstýrkurinn nægir til að ljúka verkefninu. - Norðan heiða eru hefðbundin rannsóknarverkefni að fara af stað. - Eiríkur Stephensen (RANNÍS):

[Toppforskningsinitiativet/TFI](#) (Öndvegisrannsóknáætlunin) er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. Eiríkur og Borgþór Magnússon frá Náttúrufræðistofnun Íslands eru fulltrúar í einum vinnuhópnum sem snýr að aðlögun á loftslagsbreytingum. Fundur verður í Osló í byrjun júní um hvernig best er að haga vinnunni og koma á samvinnu. [Eiríkur ætlar að senda fundarmönnum nánari upplýsingar](#). Varðandi djúpsjávarborunarverkefnið sem rætt var á síðasta fundi (sjá fyrri fundargerð) hefur Eiríkur fundað með jarðvísindamönnum og sýnist verkefnið ætla að ganga í gegn. [Hann mun senda fundarmönnum gögn](#). – Á sjóðasviðinu eru úthlutanir og kynningar í gangi.

Steingrímur Jónsson (Háskólinn á Akureyri og [HAFRÓ](#)): Vinna við samstarfsnetið Arctic Cooperation Network er í gangi. – Samkomulag er í höfn um texta auglýsingar um norsku rannsóknarprófessorsstöðuna þannig að nú fer auglýsingin að birtast alþjóðlega. – 22. maí nk. koma tveir Frakkar frá Marie Curie háskólanum í París og vijayfirlýsing um samstarf í rannsóknum, með áherslu á norðurslóðir verður undirrituð. – [HAFRÓ](#): Evrópuverkefni í uppsiglingu, í framhaldi af öðru Evrópuverkefni (THOR) sem Hafró hefur verið þátttakandi í. Hlutverk Hafró lýtur aðallega að umfangsmiklum straummælingum á milli Íslands og Grænlands. Farið verður á ísbrjót í sumar til að sækja mæla sem hafa verið í hafinu í ár.

Þórunna Pálsdóttir (Veðurstofa Íslands): Veðurstofan hefur þurft að skera niður að undanfögnu og þrengir það að allri starfsemi. Rannsóknarverkefni sem komin voru af stað halda þó áfram. Á Veðurstofunni er vöktunarhlutverkið að eflast og meiri áhersla á rannsóknarverkefni tengd vöktun og atburðum sem valda hamförum. Tilraunir eru með birtingu allt að sjö daga spáa á vef sem sýnir breytingu á sjávarhita, hreyfingu hafiss og breytingu í þéttleika hans og breytingu yfirborðshafstrauma. Kortin eru byggð á spám úr Myoceanlíkani, samstarfsverkefni allmargra Evrópuþjóða.

Atli Sigurðsson (Utanríkisráðuneyti): [Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál](#) kom út um daginn, þar er mikið fjallað um norðurslóðamálefni. – Ísland og Kína skrifuðu undir rammisamning og viljayfirlýsingu um samstarf á sviði vísinda og tækni. Kínverjar komu norður vegna rannsókna á norðurljósum. Kínverskur ísbrjótur er væntanlegur til Íslands í ágúst. – Búið er að auglýsa nemendaskiptin milli Íslands og Noregs, Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins sér um nemendaskiptin og mikill áhugi er fyrir þeim. – Franskt rannsóknaskip mun koma og vera við rannsóknir við landið (botnrannsóknir o.fl.). – U.þ.b. sjö stöður hjá fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins í Tromsø verða fljótlega auglýstar. – Aðstoðarráðherrafundur var í Stokkhólmi í síðustu viku, m.a. var rætt um umsóknir ríkja um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. – Sendifulltrúum Grænlandinga og Færeyinga hefur verið boðið hingað í júní á tveggja vikna námskeið sem [Alþjóðamálastofnun og Rannsóknastofnun um smáríki \(HÍ\)](#) heldur í júní. Tveir Færeyingar hafa staðfest þátttöku en Grænlandingar geta ekki verið með að þessu sinni. – Samningafundur um viðbrögð við olíumengun verður hugsanlega á Íslandi í október, sennilega síðasti fundurinn fyrir Kiruna fundinn 2013. Næsti samningafundur verður í júní í Helsinki. – Stór SAR æfing verður við Grænland í september. Ísland tekur þátt og sendir varðskipið Þór, TF SIF og samhæfingarstöðin í Skógarhlíð tekur þátt. Landsbjörg mun senda allt að 40 manns. Kanada, Noregur, Danir og kannski fleiri ríki munu senda skip og flugvélar. Æfingin felst í björgun á farþegaskipi sem á að farast við Grænland. Grænlandingar (fórnarlömb) munu verða sendir til Íslands sem og lögreglumenn. – SDWG ([Sustainable Development Working Group](#)) fundur verður hugsanlega á Akureyri í september 2012, SAO fundur í Haparanda, Svíþjóð í nóvember, o.fl.

Halldór Jóhannsson (Arctic Portal/AP): Arctic Portal sendi fjóra starfsmenn á ASSW í Montreal, haldnir voru samráðsfundir, opnað nýtt viðmót á [Arctic Portal](#) og [CAFF](#) síðunum. Þau einbeittu sér að *Data Management* og kennslufræðilegum þáttum. - AP verður formlega með í [Háskóla norðursins](#) í júní. – Unnið að stóru Evrópuverkefni um sífrera, flestir stórir háskólar Evrópu eru með. Hlutverk AP lýtur að gagnautanumhaldi og almennri kynningu verkefnisins. – AP vistar yfir 50 alþjóðlegar heimasíður og fleiri aðilar eru að bætast í hópinn, m.a. IASC, Saami Council, Cryosphere og Swedish Polar Institute. – AP vinnur að því að fá [Arctic Energy Summit](#) ráðstefnu til Akureyrar næsta vor, 2013. – Samvinna hefur verið í gangi við Háskólann í Edmonton, en þar er safn sem kallast [Telus World of Science](#) og hugmyndin er að setja upp svokallaðan *simulator* sem á að

vera um loftslagsbreytingar. Tölvutækni þróast svo hratt og *simulation* leikir nýttast í svo margt annað sem byggir á þekkingu, AP vill vera með í þessari þróun.

Þorsteinn Gunnarsson (RANNÍS og SUMN): Þorsteinn fór á fund IASC Council á ASSW í Montreal. Vel var mætt, en Rússar og Danir voru fjarverandi. Næstu ASSW verða í Kraków í Póllandi 2013, í Helsinki 2014 og í Tokyo 2015. Töluverðar umræður voru um International Polar Decade sem heitir nú International Polar Initiative (IPI). - Tvö ný ríki samþykkt inn í IASC: Indland og Tékkland. Fleiri lönd í startholunum, IASC er að stækka. — **NORDFORSK** hefur áhuga á að koma upp rannsóknaráætlun svokölluðu NORIA neti um heimskautarannsóknir með norrænu löndunum, Rússlandi, Kanada og BNA. Rannsóknaverkefnið myndi byrja 2014. Fyrir hönd RANNÍS átti Þorsteinn þátt í skipulagningu heimsóknar kínverskrar sendinefndar um norðurljósarannsóknir til Íslands. Þeir komu norður og völdu Svartárkot í Bárðardal fyrir athuganir sínar og vilja auk þess koma upp mannaðri rannsóknarstöð einhvers staðar á norðurlandi.

Bent var á að Japanir og Frakkar hafa í árafjöld verið með norðurljósarannsóknir á Íslandi. Einnig að formleg beiðni um norðurljóspá hefur borist Veðurstofunni.

2. Norðurslóðadagur á Grænlandi

Þorsteinn sendi þann 4. apríl sl. í tölvupósti kynningu á Norðurslóðadeginum á Grænlandi til ýmissa stofnana. Formleg viðbrögð hafa ekki verið mikil, en nokkrir eru að hugsa málið. Ýmislegt var rætt um þetta. Stofnun Árna Magnússonar, Háskólinn á Akureyri, Polar Law, Reykjavíkúakademían, Arctic Portal, Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, RANNÍS og Jafnréttisstofa taka trúlega öll þátt.

Jón Haukur átti fund með Birger Poppel o.fl. á ASSW í Montreal. Á Grænlandi eru ýmsar stofnanir sem hafa áhuga á kynningu, en eru ekki endilega samsvarandi okkar stofnunum. Gert er ráð fyrir að umhverfisráðherrar beggja landa verði á Norðurslóðadeginum. Jón Haukur kynnti tvo vinkla sem væru mjög passandi: Annars vegar *human development* (Anna Kerttula sem verður í tvo mánuði hjá SVS í haust á vísindastyrk hefur sýnt áhuga á að koma til Nuuk og kynna þetta alþjóðlega verkefni ásamt Joan Nymand Larsen og fleirum). Hins vegar er ný stofnun á Grænlandi, [Greenland Climate Research Center](#), sem komin er inn í þessa umræðu. Margt fleira rætt um Norðurslóðadaginn og innihald hans.

Jón Haukur ætlar að senda fundarmönnum lista yfir þá aðila sem tengjast nýju loftslagsstofnuninni á Grænlandi.

Anna Guðrún benti á að á Grænlandi væri ekki kennsla á háskólastigi í raunvísindum, það væri athugandi að koma á samvinnu í kennslu á því sviði, t.d. með fjarkennslu, sem Lbhí hefði allt til. Grænlenskir nemendur þyrftu bara að koma til Íslands einu sinni á önn. Halldór benti á að *Virtual Learning* tæknin þeirra hjá Arctic Portal skaraðist einmitt við þetta og gæti nýst í þessu samhengi.

3. Fyrirhugað málþing ESB um norðurslóðir (TAIEX)

Atli Már Sigurðsson dreifði drögum um fyrirhugað málþing Íslands og ESB um norðurslóðir ([TAIEX/Technical Assistance and Information Exchange](#)) sem fram fer í Reykjavík og á Akureyri tvo daga í september eða október 2012. Hann lýsti eftir hugmyndum varðandi ESB, ef fundarmenn hafa varðandi drögin. Hingað koma sérfræðingar frá aðildarlöndum ESB.. Fljótlega mun ESB birta stefnu í málefnum norðurslóða.

4. Viðræður við umhverfisráðuneyti um verksvið og hlutverk Samvinnunefndar

Umfang SUMN er að aukast og spurning er hvernig nefndin getur fylgt því eftir til að auðvelda samstarf hinna ýmsu aðila og jafnvel til að þjónusta þá. Níels taldi að ræða ætti tillögurnar sem komnar eru fram við Umhverfisráðuneytið. Í Kanada er Canadian Polar Commission, sem hefur hlutverki að gegna í alþjóðasamskiptum, stefnumótun og alþjóða samskiptum. Finnst svolítið tómarúm á Íslandi varðandi þetta. Svona breyting myndi þýða breytingu á lögum og ætti að koma inn hjá fleiri ráðuneytum en Umhverfisráðuneytinu. Málið rætt fram og til baka. Hópurinn sem var tilnefndur á síðasta fundi mun halda áfram með efnið. Stungið var upp á að hann færi á fund ráðuneytisins og reifaði málið. Þorsteinn tók að sér að koma slíkum fundi á.

5. Önnur mál

Anna Guðrún stakk upp á að nota fjarfundabúnaði í Reykjavík og á Akureyri fyrir fundi. Gott væri að hittast oft, en kostnaður er mikill. Var vel tekið í hugmyndina.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 21. júní 2012, sennilega í gegnum fjarfundabúnað.

Fundi slitið kl. 13:45
